

Fjórði Norræni vefjarþríæringurinn:

# Einstaklingarnir ráða ferðinni

Nú líður senn að lokum Norræna vefjarþríæringins, en sýningin hefur staðið frá byrjun mánaðarins að Kjarvalsstöðum, þar sem verkin hafa fyllt alla sali. Hér má líta 84 textílvörk eftir nær sjö tugi listamanna frá öllum helstu þjóðum norrænnum. (Að vísu saknar maður Færeyinga, Grænlandinga og Álandseyinga, en e.t.v. kemur sá dagur er þessar þjóðir taka þátt í apparatínu sem fullgildir meðlimir.) Þetta er fjórði þríæringur sinnar tegundar og samkvæmt venju er hann skipulagður af undirbúningshóp og dómnæfnd sem í sitja fulltrúar frá öllum aðildarlöndunum.

Eins og gengur og gerist eru fulltrúar landanna misjafnlega margir. Áberandi eru hve Noregur og Finnland eiga marga fulltrúa, eða 25 og 19, miðað við 11 frá Danmörku og einungis 8 frá Svíþjóð. Íslendingar eiga fimm fulltrúa að þessu sinni. Þeir eru Hólmfríður Árnadóttir, Guðrún Marinósdóttir, Guðrún Gunnarsdóttir, Sigurlaug Jóhannesdóttir og Þórdís Sigurðardóttir sem tekur þátt í sýningunni meðan hún staldar hér við.

## Einn karlmaður

Svo virðist sem aðeins einn karlmaður sýni í öllum þessum kvennafans. Það er Daninn Lars Jørgen Falkenberg sem hefur brotið ísinn og notar hæfileika sína til vefnaðar með góðum árangri. Það er satt að segja einkennilegt að ekki skuli fleiri karlmenn sýna hvað í þeim býr á þessu sviði, því ekkert er það við textíl sem gerir hann frekar að kvenlegri iðn en karlmannlegri. Reyndar er frægasta og mesta afrek norrænt á þessu sviði, hinn margslungni Bayeux-refill, trúlega verk karlmanns.

En trúlega verðum við að bíða

enn um stund eftir að karlmenn taki við sér á þessu sviði, þó svo að þekkt nöfn á sviði vefnaðar úti í hinum stóra heimi bendi til að þar komi karlmenn að einhverju leyti nærri. Ekki verður þó séð á vef Falkenbergs að þar fari karla-komplex, ekki fremur en séð verði á „Bunker“, verki löndu hans Ane Henriksen, að þar fari ímynd kvenhugans.

Annars koma Danir vel út úr sýningunni, mun betur en Svíar. Sýnist manni sem þeir hafi jafnbesta próduktíð og slái þar með Finnun og Norðmönnum við. Erfiðara er nú en áður að draga löndin í dilka, því einstaklings-framtakið nýtur sín einhvernvegin betur á þessari sýningu en á fyrri þríæringum. E.t.v.



HALLDÓR B. RUNÓLFSSON

hefur frjálshyggjan margumtalaða þrengt sér inn í herbúðir norræna listamanna. Fyrir vikið gerir áhorfandinn meiri kröfur til einstakra listamanna óháð heildarblæ og þá kemur í ljós misjafn sauður í hinu marga fé.

## Minimalismi

Þrátt fyrir það er ákveðinn heildarblær yfir sýningunni sem skapast af ákveðinni sameiginlegri leit að tjáningarformi. Engu er líkara en minimalisminn í höggmynda- og málaralist hafi nú loks þrengt sér inn í norræna vefjarlist. Einhvern veginn finnst manni sem þar sé of seint í rassinn gripið, því þessi stefna sem setti svo mjög svip sinn á alþjóðlegt listalíf á öndverðum síðasta áratug er orðin dálítið þreytt í bili.


Þessi minimalismi byggist á einföldum og sterkum frumformum sem oft eru endurtekin á seríalískan (radlægan) hátt. Í sumum tilfellum nær þessi einfaldleiki tilætluðum árangri sökum persónulegrar úttektar listamannsins, en alltof oft verður um að ræða áhrif sem manni finnst vera gömul og úr sér gengin.

Kirsti Rantanen, Ane Henriksen og Bente Sætrang eru vefarar og textíllistamenn þeir sem undirrituðum fannst að hefðu eitthvað sérstætt fram að færa, auk Þórdísar Sigurðardóttur frá Sámstöðum sem bjó til „Appelsínugulan morgunn“ úti á túni úr 6 metra háum bambus sem myndaði 8 metra kantstóran þríhyrning með bómullarefni í 26 litum.

## Ísland

Oft hef ég séð betra framlag frá Íslendingum og ferskara. Það skortir sist að verk fjórmenninganna séu ágætlega útfærð í sjálfu sér, en einhvern veginn vantar snerpuna að þessu sinni. Það sem vantar er einfaldlega áráði og sprengikraftur. Raunar er það svo að dirfska er ekki aðalsmerki þessarar sýningar, en þó eru kröftug verk hér og þar í báðum söllum. Því miður eru þau ekki eftir íslensku þáttakendurna.


Einna helst veðja ég á Guðrúnu Marinósdóttur og „Form“ hennar; að þau muni segja mönnum eitthvað úti í heimi. Eg hef séð þetta áður hjá henni og finnst margt gott um slík vinnubrögð. Hún þarf þó að útvíkka þá möguleika sem hún bryddar upp á og finna þeim verdukt framhald. Það er e.t.v. vandamál íslenskrar vefjarlistar í dag að framhald skortir of oft á góðar hugmyndir og þess vegna dagar þær uppi forpokaðar. Því er kominn tími fyrir íslenska veflistarmenn að blása í nýja herlúðra.



„Bunker“, 1983, eftir Ane Henriksen.



Þórdís Sigurðardóttir við verk sitt „Appelsínugulan morgunn“.



„My personal shadow“, frá 1985, eftir Kirsti Rantanen.



## Fjölbrautaskólinn við Ármúla

Nemendur komi í skólann mánudaginn 2. sept. milli kl. 13 og 15.  
Þá verða afhentar stundaskrár og bókalistar gegn greiðslu kr. 1.000.-  
Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá miðvikudaginn 4. sept.  
Deildarstjórafundur verður þriðjudaginn 27. ágúst kl. 10.  
Kennarafundur verður mánudaginn 2. sept. kl. 9.

Skólameistari

## Ný flugstöð á Keflavíkurflugvelli

### Skoðunarferðir

Almenningi er hér með boðið að skoða nýju flugstöðv-arbygginguna á Keflavíkurflugvelli laugardaginn 24. ágúst og sunnudaginn 25. ágúst 1985. Langferðabífr-eiðar munu flytja gesti ókeypis frá bílastæði við versl-unina Hagkaup í Njarðvík frá 14.00 til kl. 17.30 báða dagana.

Byggingarnefnd flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli

## Grundarfjörður Kennarar – kennarar

Við Grunnskóla Eyrarsveitar, Grundarfirði, eru lausar almennar kennarastöður. Leitað er eftir kennurum sem geta tekið að sér: kennslu yngri barna, kennslu forskólubarna, kennslu í líffræði, eðlisfræði, tónmennt, og handmennt (hannyrðir).

**Húsnæði í boði (húsnæðisfríðindi)**, leikskóli á staðnum. Upplýsingar gefur skólastjóri í síma 93-8619 eða 93-8802.

Skólanefnd

## Bandalag kennarafélaga og Kennaraháskóli Íslands

efna til ráðstefnu um

### Íslenska skólustefnu

laugardaginn 31. ágúst kl. 9.00 til 17.00 að Borgartúni 6, Reykjavík.

### Erindi flytja:

Jónas Pálsson, rektor Kennaraháskóla Íslands.  
Sólrun Jensdóttir, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneyti.  
Svanhildur Kaaber, formaður Bandalags kennarafélaga.  
Dr. Wolfgang Edelstein, prófessor við Max Planck rannsóknarstofnunina í Vestur-Berlín.

Tilkynnið þátttöku á skrifstofu Kennaraháskólans í síma 91-686065 fyrir 28. ágúst.  
Ráðstefnan er öllum opin.

## Kennaranámskeið í skyndihjálpi á Akureyri og í Reykjavík

Rauði kross Íslands heldur kennaranámskeið í skyndihjálpi á Akureyri dagana 6.-16. september næstkomandi.

Innritun og nánari upplýsingar í síma 96-24402 virka daga frá kl. 14-17 eða 91-26722 á venjulegum skrifstofutíma.

Rauði kross Íslands heldur kennaranámskeið í skyndihjálpi í kennslusal RKÍ, Nóatúni 21, Reykjavík dagana 23. september til 4. október næstkomandi. Innritun og nánari upplýsingar í síma 91-26722 á skrifstofutíma.

Rauði kross Íslands